

Sjálfsmat 2018-2019

Skýrsla sjálfsmatsnefndar



Inngangur

Tilgangur sjálfsmats í framhaldsskólum er skýr samkvæmt lögum um framhaldsskóla 92/2008 en þar segir að almennur tilgangur sjálfsmats sé að leggja grunn að sívirku umbótastarfi til að bæta námsumhverfi, líðan og árangur nemenda og starfsmanna. Innleiða á aðferðir sjálfsmats sem ná til allra þátta skólastarfsins og hefur Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, eins og sjá má á *Sjálfsmatsáætlun skólans*, leitast við að fara markvisst eftir þessum tilmælum.

Óhætt er að segja að Flensborgarskólinn hafi á undanförunum árum verið afar virkur í að meta innra starf sitt. Þannig hefur skólinn getað unnið markvisst að því að bæta starf sitt með hagsmuni nemenda og starfsfólks að leiðarljósi, auk þess að meta stöðu hans með tilliti til þess hvað er vel gert í skólastarfinu. Gengið er út frá eftirtöldum spurningum: Hversu vel stöndum við okkur? Hvernig vitum við það? Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta? Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri? Og með því að framfylgja umbótaáætlun í framhaldinu er það von stjórnenda að framfaraskref verði tekin hraðar en ella.

Í sjálfsmatsnefnd skólans sitja Borghildur Sverrisdóttir, félagsgreinakennari, Erla Sigríður Ragnarsdóttir, aðstoðarskólameistari, sem jafnframt leiðir störf nefndarinnar, Heimir Björnsson, sögukennari, Matthildur Rúnarsdóttir, stærðfræðikennari, Sigríður Erla Viðarsdóttir, mannauðsstjóri og Unnar Örn Þorsteinsson, enskukennari.

Niðurstöður sjálfsmats síðasta árs gáfu ýmislegt til kynna. Ein helsta niðurstaðan var ákveðinn stöðuleiki í skólastarfinu, sveiflurnar í einstaka matsþáttum minnkuðu á milli ára og sumir þættir mælast eins á milli ára. Annað sem var eftirtektarvert var góður árangur í skólastarfinu. Bæði nemendur og foreldrar/forráðamenn eru ánægðir með Flensborgarskólann, námið, þjónustuna sem skólinn veitir og skólastarfið almennt. Starfsfólki líður að öllu jöfnu vel á vinnustaðnum, gætt er að rétti þess, það upplifir sig öruggt og bæði nemendur og starfsfólki upplifa virðingu og vellíðan í skólanum.

Nefndin hóf skólaárið 2018-2019 á því að ganga frá matsviðmiðum og sjálfsmatsáætlun fyrir árið. Sú áætlun var kynnt fyrir starfsmönnum skólans á skólafundi í október en einnig var brugðið á það ráð að hengja áætlunina upp

og merkja við þau viðmið sem unnið var með hverju sinni. Einnig var umbótaáætlun (sjá fylgiskjal 1) síðasta árs rýnd, en slík áætlun var í fyrsta sinn útfærð á skólaárinu 2017-2018.

Sjálfmatsáætlun 2018-2019

Meðal helstu verkefna sjálfsmats Flensborgarskólans eru eftirtalin verkefni (sjá einnig Sjálfsmatsáætlun – fylgiskjal 2):

- *Kennslumat* sem fram fer á báðum önnum. Að þessu sinni var einungis hluti hópsins metinn hverju sinni. Var það gert í ljósi þess að þátttaka nemenda í kennslumatinu fór minnkandi. Kennslumatinu var fylgt eftir með samantekt á kennarafundi og lögð þá áhersla á að sýna þá þætti sem komu best út úr matinu og síst. Einnig voru niðurstöður kennslumats bornar saman á milli anna. Kennurum var boðið upp á starfsmannasamtal í framhaldinu þar sem að niðurstöður kennslumats eru hafðar til hliðsjónar.
- *Útskriftarhópar* spurðir um viðhorf þeirra til Flensborgarskólans og þeirrar menntunar sem þeir höfðu fengið, aðstöðu til náms, félagslíf og fleira. Að auki voru þeir spurðir um framtíðaráform sín. Viðhorfskönnun framkvæmd bæði á haust- og vorönn.
- *Hlýtt á nemendur*. Undir þann flokk falla nokkrar kannanir á skólaárinu, s.s. *Skólapúlsinn*. Einnig þátttaka nemenda í opnum umræðum um skólastarfið, s.s. á Flensborgardegi í október 2018.
- *Skýrslur deilda og nemendapjónustu*. Kallað er eftir upplýsingum á nýjungum í kennsluháttum, hvaða námsmat skilaði mestum árangri og hver væru brýnustu faglegu verkefnin á komandi árum. Framkvæmd í maí 2019.
- *Hlýtt á starfsmenn*. Undir þann flokk falla m.a. umræðufundir að hausti og vori, þar sem starfsfólk ræðir ýmis mál sem snúa að skólastarfinu, ytri ramma þess og inntaki. Ytri könnunin, *Stofnun ársins*, fellur einnig hér undir. Mars 2019.
- *Rannsókn á námsárangri fyrsta árs nema við skólann*. Spurt var um nýtingu á þjónustunni, gæði hennar og helstu þætti starfsins. Framkvæmd í júní 2019 og september 2019.

- *Önnur verkefni:* Brottfall – talnagögn og upplýsingar úr Innu, kennsluáætlanir, ársskýrsla NFF.

Greinargerð um umbótaáætlun síðasta árs

Sjálfsmatsnefndin kom saman í upphafi skólaárs 2018-2019 til að fara yfir helstu þætti umbótaáætlunarinnar frá fyrra ári. Var það í fyrsta sinn sem það var gert. Nefndarmenn voru einhuga um að markvisst væri verið að vinna að umbótum í Flensborgarskólanum og að margt þeirra atriða sem væri útlistað í áætluninni væri nú þegar komið til framkvæmda.

Farið var yfir hvern umbótalið fyrir sig og kom eftirfarandi fram:

Skuldbinding nemenda - Stórir hópar hafa áhrif á gæði kennslunnar.

Sérstaklega í byrjunaráföngum og þarf að huga vel að þessum þætti á næsta skólaári. Nemendapjónustan er orðin sýnilegri og nemendur virðast vita af henni. Mætingamálin virðast einnig á réttri leið, sbr. tölur um mætingu og eftirfylgni með þeim.


Nýting tækni í kennslu – Almenn ánægja er með tölvumsjónarmann og veru hans, einnig með jafningjastuðning sem skólinn býður upp á við kennara, sérstaklega nýja kennara. Haldið verður áfram að fylgjast með *námsárangri* og verkefnið varðandi kynbundinn árangur í skóla áhugavert og þarft. Námskráin er í stöðugri endurskoðun. Ný skólaþróunarverkefni tengjast m.a. endurskoðun námskrár og eflingu skólans og stefnumótunarvinna sem farið er að forvinna styður við þá vinnu. *Betrumbætur á aðstöðu til náms og vinnu* eru nánast allar komnar til framkvæmda, sbr. endurnýjun húsbúnaðar á sal skólans og fjórar kennslustofur. Einnig hefur markvisst verið unnið með *eflingu starfsanda*, búið er að ljúka við gerð allra stofnanasamninga. Verið er að staðfesta jafnlaunavottunina. Farið var í námsferð til Kanada þar sem stór hluti starfsfólk tók þátt og kynnti sér helstu strauma og stefnur í skólamálum.

Kennslumat:


Kennslumat er lagt fyrir í lok hverrar annar. Þar er viðhorf nemenda til kennslu og náms metið, en einnig er reynt að festa fingur á framlag nemenda til

námsins og skuldbindingu þeirra. Að þessu sinni var kennslumat lagt fyrir um miðjan nóvember 2019 og í apríl 2019 og var svarhlutfallið 44%.

Niðurstöður kennslumatsins fyrir skólaárið 2018-2019 voru góðar. Svo virðist sem nemendur Flensborgarskólans séu ánægðir með þá kennslu sem þeir fá í skólanum. Þeir kunna að meta það viðhorf sem mætir þeim, en það, miðað við niðurstöður, einkennir áhuga kennarans hverju sinni og virðingu fyrir nemendum sínum, ólíkum þörfum þeirra og getu. Niðurstöðurnar hafa farið hækkandi á milli anna og síðustu tvö ár mælt yfir styrkleikabili. Það sýnir að settum markmiðum er náð og því ber að fagna.



Vorönnin 2019 er svo sannarlega sú önn þar sem kennslumatið hefur mælt hæst. Eins og sjá má á töflu þá er markmið 3, Jákvætt viðhorf í skólastarfinu að mælast mjög hátt, eða 4,47 og er það afar gleðilegt. Einnig er markmið 2, það að fjölbreyttir kennsluhættir einkenni skólastarfið að mælast mun hærra en í fyrri mælingum. Enn er viðhorf nemenda að mælast lægst og er það e.t.v. helsta áskorun skólastarfsins til næstu ára, þ.e. hvernig hægt er að virkja nemendur enn frekar til árangurs og áhuga á námi þeirra í Flensborgarskólanum.




Í dag hefur verið boðið upp á þá nýbreytni að bjóða starfmannasamtal í framhaldi af kennslumat, enda einungis 1/3 hluti kennarahópsins metinn hverju sinni. Þannig hefur kennslumatið nýst betur, því er vel fylgt eftir í samtali við kennara.

Könnun meðal útskriftarnemenda

Útskriftarnemendur skólaárið 2018 til 2019 virðast sáttari við þá menntun, aðstöðu til náms og félagslífs sem þeir njóta í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði en fyrri ár. Um 86% (77% á síðasta skólaári og hér eftir í sviga), útskriftarnemenda eru ánægðir með veru sína í skólanum og um 88% (77%) þeirra hyggja á háskólanám í framtíðinni. 91% (81%) nemenda hefur jákvætt viðhorf til þeirrar menntunar sem skólinn býður upp á og tæp 88% (83%) nemenda er ánægður með þá aðstöðu sem þeir hafa aðgang að. Ofangreindir þættir mælast á starfhæfu bili miðað við að svör mælist 4,4 (3,9) fyrir menntun og 4,18 (3,9) fyrir aðstöðu á fimm stiga mælikvarða.

Auk þessa mælist félagslíf skólans á starfhæfu bil þar sem svör mælast 3,9 (3,7). Með öðrum orðum, 78% (74%) útskriftarnema er ánægður með félagslíf skólans sem er það enn og aftur hækkun á milli ára. Meðfylgjandi mynd sýnir hvernig viðhorf til skólabrags, félagslífs, aðstöðu til náms og menntunar þróast frá haustinu 2017 til vorsins 2019.



Hlýtt á nemendur og starfsfólk - viðhorf til skólastarfsins

Á jafnréttisdegi skólans var nemendum skipt í hópa og umræður haldnar um jafnrétti á breiðum grunni. Almennt má segja að nemendur telja stöðu jafnréttismála hérlendis betri en víða annarstaðar. Sömuleiðis að jafnréttismál innan skólans séu í góðu ferli þó ýmislegt megi bæta. Bæði á Íslandi sem og innan skólans. Sömu skoðun lýsa nemendur þegar kemur að mannréttindum. Það er að staðan hérlendis sem og innan skóla séu með besta lagi þó lengi megi gott bæta.

Helstu brotalamir sjá nemendur þegar kemur að hinsegin fólki, innflytjendum, flóttamönnum, geðsjúkdómum og fólki með fatlanir. Þó svo að í lögum og reglugerðum séu fólk almennt jafnt telja nemendur það ekki alltaf veruleikann Íslandi. Hérlendis telja nemendur m.a. brotið á réttindum fólks til frelsis s.s. trúar- og kynfrelsis. Sömuleiðis benda nemendur ítrekað á að kynjamisrétti og vísa til dæmis á mun á launum karla og kvenna. Nemendur telja aftur á móti að staða jafnréttismála sé góð innan skólans þegar kemur að kynjamisrétti.

Líkt og út í samfélaginu telja nemendur að fordómar gagnvart hinum ýmsu hópum þrífist. Þrátt fyrir að ekki sé mikið um það innan skólans. Það stafi annað hvort af því að þeir séu þá hreinlega ekki til staðar eða að þeir nái ekki uppá yfirborðið. Á hinn bóginn vilja nemendur meina að þekkingarleysi sé í flestum tilvikum ástæðan fyrir fordómum og/eða skilningsleysi gagnvart ýmsum hópum s.s. fötluðum eða innflytjendum. Það kemur skýrt fram að telja

að auka þurfi fræðslu og umræðu um hópa sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu. Einnig að hvetja þurfi þá sem glíma t.d. við fatlanir eða geðsjúkdóma að tala opinskátt um aðstæður sínar svo hjálpa megi öðrum í sömu stöðu. Það kemur skýrt fram að nemendur telja bestu leiðina til að takast á við fordóma og misrétti vera að auka umræðu og skilning í samfélaginu.

Útskriftarnemar voru einnig fengir til að ræða ýmis málefni skólans. Það er óhætt að segja að það hafi verið skiptar skoðanir almennt séð en þó má finna nokkra snertifleti þar sem nemendur virtust nokkuð sammála. Í fyrsta lagi mætti þar nefna að nemendur vilja flestir losna við lokapróf. Sérstaklega virtust nemendur ósáttir við að lokapróf hefðu mikið vægi í lokaeinkunn (talan 70% kemur fram á einum stað).

Nemendur eru almennt sáttir við mötuneytið þó svo að einhverjir vilji bæta úrval og lækka verð. Salatbarinn, vatnsflöskur og þjónustan eru nefnd sérstaklega sem kostir. Svo gott sem allir nefna að það vanti að geta keypt orkudrykki (Nocco). Þó er ólíklegt að ráðin verði bót á því þar sem það myndi varla passa stefnu skólans sem heilsueflandi framhaldsskóli.

Um notkun síma í kennslustund eru einnig skiptar skoðanir. Almennt mætti segja að nemendur séu fylgjandi því að leyfa ætti notkun þeirra í þeim tilvikum sem þeir geta gagnast í kennslustundum. Sérstaklega er tekið fram að þeir geti nýst nemendum í verkefnavinnu og til að hlusta á tónlist þegar þeir eru í verkefnavinnu. Að síðustu eru nemendur ánægðir með Vakningardaga en vilja auka aðkomu sína. Til dæmis með meiri skreytingum, fá fleiri tónlistaratriði og meira hópefli.

Ytra mat skólans

Ytra mat á starfsemi Flensborgarskólans í Hafnarfirði fór fram á haustönn 2018. Matið er liður í eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytinu með starfsemi framhaldsskóla. Menntamálastofnun annast framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið.

Í júní 2018 sendi Menntamálastofnun skólanum bréf um fyrirhugað ytra mat og var skólanum falið að skipuleggja vinnu við sjálfsmat með hliðsjón af því. Sjálfsmat skólans sem hér er fjallað um byggist m.a. á mati út frá 78 viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur sett. Viðmiðin varða fimm þætti skólastarfs;

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Hverri vísbendingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða. Matsmenn gefa skólanum einkunnir fyrir sömu þætti og birtast þær einnig í niðurstöðum matsins. Þannig er ytra matinu að hluta til ætlað að sannreyna hvort niðurstöður skólans eigi við rök að styðjast.

Helstu gögn sem matsmenn nýttu sér við ytra matið voru:

- Ýmsar tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsmanna.
- Vefur skólans (www.flensborg.is)
- Vettvangsheimsóknir
- Umræður í rýnihópum og samtöl við einstaklinga

Á grundvelli þessa fór fram greining gagna. Matsmenn gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Niðurstöður ytra matsins leiddu í ljós eftirfarandi styrkleika og tækifæri til umbóta í hverjum matsþætti fyrir sig.

1. Stjórnun og skipulag.

<p><i>Styrkleikar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Heildstæð og metnaðarfull menntastefna. • Námsbrautir eru vel skipulagðar. • Ársskýrslur og matsskýrslur eru aðgengilegar. • Skipulag sjálfsmats er skýrt. • Aðgengi að stjórnendum er gott. • Undirbúningur breytinga í skólastarfi er lýðræðislegur. • Reglulegir fundir skólaráðs. 	<p><i>Tækifæri til umbóta:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Skerpa á verkskiptingu stjórnenda í starfslýsingum. • Styrkja tengsl kennara og stjórnenda. • Gera kjarna jákvæðrar menntunar (menntun til farsældar) sýnilegri á vef skólans.
--	---

2. Kennsla og námsframboð.

<p><i>Styrkleikar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Vel menntaðir og áhugasamir kennarar. • Kennarar hvattir til nýbreytni og símenntunar. • Góður vinnufriður er í kennslustundum. • Öflug náms- og starfsráðgjöf. • Athugun á kynjamun í einkunnum. 	<p><i>Tækifæri til umbóta:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Bregðast við athugasemdum kennara um niðurlagningu á stöðum sviðsstjóra. • Vinna markvisst með niðurstöður kennslumats. • Endurmeta þjónustu, aðstöðu og áherslur í starfsemi bókasafns.
--	---

	<ul style="list-style-type: none"> • Kanna þörf á stuðningi við heimanám í samstarfi við nemendur og foreldrafélag. • Samræma hvernig upplýsingar til nemenda birtast á INNU.
--	---

3. Samskipti og líðan.

<p><i>Styrkleikar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Reglulega fylgst með líðan nemenda. • Öflugur stuðningur náms- og starfsráðgjafa. • Þjónusta sálfræðings við nemendur. • Heilsueflandi þættir í skipulagi skólastarfs. • Kraftmikið félagslíf nemenda og góður stuðningur stjórnenda við það. • Samstarf við foreldrafélag í góðum farvegi. • Leitast við að mynda tengsl við nærsamfélagið t.d. með Flensborgarhlaupinu. 	<p><i>Tækifæri til umbóta:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Vinna markvisst úr upplýsingum sem safnað er um líðan nemenda. • Taka afstöðu til vísbendinga um mismunandi viðhorf kennara til nemenda. • Huga að meira samstarfi við háskólastigið. • Efla samstarf við atvinnulíf, sérstaklega í nærsamfélaginu.
--	---

4. Húsnæði og aðbúnaður.


<p><i>Styrkleikar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Góð aðstaða til kennslu. • Mötuneyti sem starfar í anda heilsueflandi framhaldsskóla. • Góð aðstaða fyrir félagsstarf nemenda. • Vinnuaðstaða kennara og rými til slökunar er til fyrirmyndar. • Umgengni um skólann er góð. 	<p><i>Tækifæri til umbóta:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Fjölbreyttari aðstaða fyrir nemendur utan kennslustofa. • Endurhanna aðstöðu bókasafns með meiri og fjölbreyttari nýtingu í huga.
---	---

5. Lykilárangur.


<p><i>Styrkleikar:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Skólastarf aðlagð breiðum hópi nemenda. • Áhersla á vellíðan nemenda. • Eftirtektarverður árangur við að draga úr brotthvarfi. • Tengsl við grunnskóla Hafnarfjarðar. • Vel skipulagt sjálfsmat. • Heilsueflandi skóli. 	<p><i>Tækifæri til umbóta:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Draga skýrar fram hvernig unnið er með niðurstöður sjálfsmats. • Meta hvernig skólanum gengur að undirbúa nemendur undir háskólanám. • Endurvefja könnun meðal útskrifaðra nemenda.
---	--

Námsárangur - almennt


Námsmatið er afar mikilvægur hluti af sjálfsmati skóla og hefur Flensborgarskólinn fylgst vel með honum undanfarin ár. Svo virðist sem meðaleinkunn á stúdentsbrautum sé almennt að lækka, úr 6,3 í 5,9 á skólaárinu 2018 - 2019.



Einkunnir á starfsbraut hækka örlítið á milli ára (7,72).




Áfram halda nemendur Bæjarbrúar – grunnskólanemendur að fá hæstu einkunnirnar (8,58), sjá töflu hér fyrir neðan. Þessir nemendur taka einungis einn til tvo áfanga á önn, ensku og stærðfræði á öðru þrepi.



Kynbundinn árangur í námi:

Í framhaldi af nýrri jafnréttisáætlun H2016 var farið að rýna sérstaklega gögn til að kanna hvort námsárangur við Flensborgarskólann gæti verið kynbundinn, þ.e. að annað kynið væri mælanlegan hærra árangur í námi en hitt. Í ljós kom að þegar einkunnir eru skoðaðar allt aftur til ársins 2014 þá er kynbundinn námsárangur merkjanlegur, sbr. súlurit hér fyrir neðan. Í framhaldinu af þessari niðurstöðu var farið að afla upplýsinga um hvernig kynbundinn námsárangur birtist almennt og hvað sé til ráða. Það var síðan á vorönn 2019 að sérstaklega var farið að skoða þennan mun markvisst og þá hvernig hann kemur fram hjá fyrsta árs nemum, sbr. helstu niðurstöður rannsóknarinnar hér fyrir neðan. Þess ber að geta að helstu niðurstöður þessarar rannsóknar voru kynntar á kennarafundi og á fagfundum kjarnagreinanna. Einnig á Menntakviku, ráðstefnu Menntavísindasviðs HÍ, í október 2019.

Kynin eftir önnum frá 2014



Í fyrsta sinn var fylgst með námsárangri fyrsta árs nema við skólann. Helstu niðurstöður eru þær að það er kynbundinn námsárangur í Flensborgarskólanum. Einkunnir úr grunnskóla hafa forspárgildi, framhald er á slökum námsárangri drengja á fyrstu tveimur önnunum. Námsárangur hjá báðum kynjum dalar frá haustönn til vorannar og þá sérstaklega hjá drengjum. Haustið 2018 innrituðust fleiri stúlkur við Flensborgarskólann, eða 104 stúlkur og 79 drengir. Stúlkur koma einnig með hlutfallslega hærri einkunnir úr grunnskóla inn í Flensborg.

Hlutfall einkunna úr grunnskóla

Íslenska	Enska
59% stúlkna með A, B+ eða B	69% stúlkna með A, B+ eða B
41% drengja með A, B+ eða B	54% drengja með A, B+ eða B
Íslenska	Enska
7% stúlkna með D eða B*	8% stúlkna með D eða B*
6% drengja með D eða B*	10% drengja með D eða B*
Stærðfræði	Danska
43% stúlkna með A, B+ eða B	58% stúlkna með A, B+ eða B
30% drengja með A, B+ eða B	57% drengja með A, B+ eða B
Stærðfræði	Danska
14% stúlkna með D, C* eða B*	1% stúlkna með D eða B*
24% drengja með D, C* eða B*	9% drengja með D eða B*

Mikil fylgni á milli einkunna úr grunnskóla og fyrsta áfanga í ensku, íslensku og stærðfræði, en minni fylgni í dönsku. Í ensku og dönsku er slakari árangur á

vorönn, í íslensku eykst fall hjá drengjum áberandi meira en hjá drengjum. En í stærðfræði helst árangur svipaður milli anna og drengir standa sig áberandi verr.

Enska		Danska	
Samanburður á námsárangri í Flensburg		Samanburður á námsárangri í Flensburg	
• H2018	• V2019	• H 2018	• V2019
– 60% Stúlkna með 8 eða hærra	– 39% Stúlkna með 8 eða hærra	– 20% stúlkna með 8 eða hærra	– 29% stúlkna með 8 eða hærra
– 50% Drengja með 8 eða hærra	– 27% Drengja með 8 eða hærra	– 19% drengja með 8 eða hærra	– 17% drengja með 8 eða hærra
• H2018	• V2019	• H2018	• V2019
– 1% Stúlkna fá 4 eða lægra	– 7% stúlkna fá 4 eða lægra	– 6% stúlkna fá 4 eða lægra	– 4% stúlkna fá 4 eða lægra
– 3% drengja fá 4 eða lægra	– 9 % drengja fá 4 eða lægra	– 17% drengja fá 4 eða lægra	– 22% drengja fá 4 eða lægra
Íslenska		Stærðfræði	
Samanburður á námsárangri í Flensburg		Samanburður á námsárangri í Flensburg	
• H 2018	• V2019	• H2018	• V2019
– 48% stúlkna með 8 eða hærra	– 41% stúlkna með 8 eða hærra	– 36% stúlkna með 8 eða hærra	– 37% stúlkna með 8 eða hærra
– 31% drengja með 8 eða hærra	– 16% drengja með 8 eða hærra	– 24% drengja með 8 eða hærra	– 24% drengja með 8 eða hærra
• H2018	• V2019	• H2018	• V2019
– 3% stelpna með 4 eða lægra	– 4% stelpna með eða lægra	– 19% stelpna með 4 eða lægra	– 16% stelpna með 4 eða lægra
– 9% drengja með 4 eða lægra	– 25% drengja með 4 eða lægra	– 32% drengja með 4 eða lægra	– 28% drengja með 4 eða lægra

Árangur í einstökum fögum var skoðaður, út frá kynbundnum mun. Ýmsar haldbærar niðurstöður komu úr þeirri vinnu, bæði út frá kynbundnum námsárangri og einnig voru áfangar sem skáru sig úr, hvað varðar mikið fall (AR) eða lítið (TL). Það kom í ljós að mikil fylgni var í áföngum þar sem nemendur með háar einkunnir úr grunnskóla vori í, þeir halda áfram að standa sig vel, eins og sjá má á mynd.

Stærðfræði 1AR haust 2018

Áfangi: AR - STÚLKUR										Áfangi: AR - DRENGIR														
	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	smát		10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	0	smát
C+		3	2	5	4	3	1	2			20	C+		3	2	2	2	2	3					14
C			3	1	3	5	1	4	3	4	24	C			1	2	3	3	3	4	2	2	1	21
smátals	0	3	5	6	7	8	2	6	3	4	44	smát	0	3	3	4	5	5	6	4	2	2	1	35
	18,18% 8 eða hærra					34,09% 4 eða lægra						17,14% 8 eða hærra					42,86% 4 eða lægra							
	8 stúlkur					15 stúlkur						6 drengir					15 drengir							

Stærðfræði 2AF haust 2018

Áfangi: 2AF - STÚLKUR											Áfangi: 2AF - DRENGIR													
	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	smat.		10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	0	smat.
A	2	1									3	A	1											1
B+	4	4	3								11	B+	1	2	2	1	1		1					8
B	1	6	8	2	3	1	3	0	1		25	B		2	6	1	2			2	1			14
smatals	2	6	10	11	2	3	1	3	0	1	39	0		1										1
	46,15% 8 eða hærra					12,82% 4 eða lægra						37,50% 8 eða hærra					16,67% 4 eða lægra							
	18 stúlkur					5 stúlkur						9 drengir					4 drengir							

Skýrslur deilda - Nýjungar, samstarf, námsárangur og fleira

Þegar rýnt er í skýrslur deilda þá sneri flest að aðbúnaði í stofu og eða vinnurými og hefur verið tekið tillit til flestra athugasemda. Kennarar eru æ fleiri að beita verkefnaíðuðu námsmati. Athugasemdir vegna námskrár voru einnig áberandi, þ.e. hvað varðar stöðu einstaka greina og áhyggjur af brautum.

Niðurstöður starfsmannasamtala á skólaárinu 2018 – 2019 gefa til kynna að almennt gangi kennsla vel og ástundun nemenda þykir í flestum tilvikum góð. Liðsheildin í starfsmannahópnum þykir fara heldur batnandi og virðist vera að styrkjast frekar en veikjast. Þegar viðtölin á haustönn fóru fram var nýbúið að skrifa undir nýjan stofnanasamning og ánægja meðal kennara um að tekist hafi að ljúka því máli.

Það má enn sem áður merkja óánægju vegna minna framboðs á yfirvinnu hjá hópi kennara sem vilja taka að sér meiri vinnu. Sömuleiðis má merkja óánægju með stærð hópa.

Þá kalla kennarar eftir meira af faglegu samtali og meira samráði/samvinnu milli deilda/kennara. Tilkynnt var á vorönn 2019 að á haustönn yrðu fagstjórar á öllum sviðum og því meiri bjartsýni varðandi þennan þátt að merkja á hópnum þegar samtöl voru tekin á vorönn.

Einnig kom upp úr samtölum við kennara að áhugi væri fyrir námskeiði fyrir kennara í því hvernig hægt er að nota tækni í kennslu og/eða hvað sé hægt að gera varðandi símanotkun.

Ánægju má merkja með dagskrá ársins hjá starfsmannahópnum. Þá sér í lagi varðandi námskeið sem boðið hefur verið upp á fyrir starfsfólk utan fundartíma. Var meðal annars boðið upp á jóganámskeið, skriðsundsnámskeið,


jóga nidra tíma, og gönguskiðanámskeið. Einnig var mikil ánægja með kaup skólans á hjólum sem starfsfólk hefur aðgang að.

Nemendapjónustan er líkt og fyrri ár öflug og starfið víðtækt. Starfið einkennist á þjónustu við nemendur á skilmálum, þ.e. nemendur sem ekki hafa náð lágmarksviðmiðum um ástundun, persónulega ráðgjöf (tengjast m.a. kvíða, þunglyndi, sértækum námserfiðleikum, samskiptaerfiðleikum og veikinda), stuðningur við kennara, námskeiðshald, kynningar fyrir 10. bekinga og fyrirlögn á áhugasviðsgreiningu en allir nemendur á fyrsta ári eiga þess kost að kynna sér styrkleika sína og í framhaldinu möguleikann á námi og starfi við hæfi. Náms og starfsráðgjafar eru að auki í ýmiss konar samstarfi við ýmsa aðila og má þar nefna fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, námsráðgjafa í grunnskólum bæjarins.

Náms og starfsráðgjafar kölluðu í skýrslu sinni eftir meira samstarfi við sálfræðing skólans en einnig eftir markvissari vinnu í kringum kynningarmál skólans. Áform eru einnig um að styrkja samstarf við námsráðgjafa grunnskólanna og þannig styrkt allt utanumhald um nýnema á haustin.

Stofnun ársins


Stofnun ársins er könnun á vegum Fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Þar er gerð ítarleg greining á stöðu stofnunar og var könnun gerð í mars 2019. Flensborgarskólinn kom vel út úr matinu og hækkaði í heildarmati í 8 flokkum af 10. Stjórnun hækkar marktækt, einnig flokkurinn jafnrétti en sá flokkur hefur alltaf mælst hæst hjá stofnuninni. Ánægja með laun hækkar einnig, engu að síður er ánægja með launakjör í Flensborgarskólanum töluvert minni en hjá stofnunum almennt. Starfsandi stendur í stað á milli ára, ánægja og stolt einnig.



Farið var yfir helstu niðurstöður með starfsmannahópnum á skólafundi í lok skólaársins 2018-2019.

Mæting

Flensborgarskólanum er lögum samkvæmt skylt að fylgjast með mætingum nemenda sinna. Á skólaárinu 2018-2019 voru 682 nemendur skráðir í skólann, 656 á V2019 og 740 á H2018. Á skólaárinu mátti sjá svipaða mætingu hjá nemendum skólans á skólaárinu 2017-2018, meðalskólasókn var 82,15% (80% á H2018, 84,3% á V2019, sjá mynd) og var meðal mætingareinkunn nemenda 7,46. Um 18% nemenda, eða um 116 nemendur á bæði haust- og vorönn, voru í vandræðum með mætingu og þar með undir viðmiðum (<83%). Þar af voru einungis 12 (9,5%) nýnema, en langflestir þeirra sem mæta undir viðmiðum eru eldri en 18 ára.



Brottfall nýnema heldur áfram að lækka á milli ára og æ færri nýnemar lenda í erfiðleikum með mætingu og/eða ástundun á skólaárinu 2018-2019 en fyrri skólaári og eru það skýr merki um að umsjónarkerfi Hámarksins styðji vel við skuldbindingu í námi. Við þetta má bæta að mætingarteymi skólans hefur margs konar hlutverki að gegna í þegar kemur að utan umhaldi um nemendur sem mæta ekki vel. Um 70 nemendur voru að meðaltali á skilmálum hjá mætingarteyminu. Það hittist hálfmánaðarlega og tekur stöðuna, nemendur eru í framhaldi kallaðir í viðtöl og gerð er tilraun til að finna úrlausn mála. Alls hættu 29 nemendur á skólaárinu 2018-2019 og hefur því heildarbrottfall við skólann einnig lækkað.

Hvað finnst þér? Hlýtt á grunnskólanemendur - viðhorf til skólans kannað

Rúm 48% grunnskólanema sem koma á kynningu skólans í febrúar og mars 2019 sögðu að Flensborgarskólinn væri fyrsta val þeirra, um 30% voru óákveðnir en aðrir höfðu ekki áhuga á að koma í skólann. Áhugavert er að sjá að 30% nemenda eru óákveðnir sem þýðir að möguleikarnir eru miklir fyrir Flensborg að sýna sig og sanna með slíkri kynningu. Slík grunnskólakynningin getur því haft mikla þýðingu fyrir skólann.

Nemendur dreifast tiltölulega jafnt þegar kemur að því að velja líklegar brautir en flestir eða um 30% eru samt óákveðnir. Áhugavert er þó að sjá að 55% grunnskólanema myndu velja að fara á afrekssviðið.

Tæp 97% grunnskólanema sögðu að vel eða mjög vel hefði verið tekið á móti þeim hér og 95% nemanna sögðu að kynningarmyndbandið hefði verið gott eða mjög gott. Þá sögðu 47% að kynning nemenda (NFF) sem tóku á móti þeim hafi verið mjög góð og 40% sögðu hana hafa verið góða.

Um 63% sögðust ekki hafa kynnst sér upplýsingar um nám á vef Flensborgarskólans.

Ef tekið er saman það helsta sem nemendur fannst sérstaklega gott við kynninguna var nokkuð talað um hvað nemendurnir sem tóku á móti þeim hafi verið með góða kynningu og hvað þau hafi verið lifandi, hrífandi og fyndin, að fara inn í stofurnar og ganga um skólann, að myndbandið hafi verið skemmtilegt og að kakan hafi verið góð. Það sem þeir töldu að helst mætti bæta við kynninguna var að kynnarnir mega tala hærra jafnvel vera með míkrófón, útskýra brautirnar betur, hafa meiri áhuga á að kynna og vera skipulagðari í göngunni um skólann, sýna stofurnar betur, gefa upp meiri upplýsingar um skólann, ekki bara félagslífið.

Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður sjálfsmats fyrir skólaárið 2018-2019 eru þessar:

Ánægja, bæði nemenda og foreldra/forráðamanna, með Flensborgarskólann eykst á milli ára og á það bæði við um námið og þá þjónustu sem skólinn veitir. Þeir eru einnig stoltir af skólanum og finnst ímynd skólans góð. Félagslíf nemenda virðist enn vera að styrkjast. Þjónustustig er hátt, bæði í kennslunni sem og í skólastarfinu öllu. Skólinn kom vel út könnuninni Stofnun ársins og hækkaði í heildarmati í 8 af 10 flokkum, þar með talið flokkum eins og ánægja með laun, réttindi sín og stöðu og vellíðan.

Áfram er því hægt sé að gleðjast yfir góðum árangri í skólastarfinu. Enn eru þó ákveðnir þættir sem huga þarf að til framtíðar. Áfram þarf að vinna með kjarna námsins, þ.e. námskrá skólans. Hugsa þarf vel að vinnuanda og næði í kennslustund, gera þarf námið áhugaverðara, huga að rafrænu viðmóti kennslunnar og hvernig hægt er að nýta sér tæknina í kennslu, skólasókn nemenda og gæta enn frekar að þeim sem þurfa stuðning í námi og frekari

hvatningar við. Enn fremur þarf að fylgjast áfram með námsárangri nemenda almennt en einnig kynbundnum muni og bregðast við, ef þörf krefur. Einnig hvetja til bættrar námsmenningar við skólann, gera námsaðstæður nemenda við skólann bæði nútímalegri og fjölbreyttari. Áfram þarf að hlú að innra starfi skólans; kjörum og aðstæðum starfsfólks og styrkja starfsandann til framtíðar. Af þessu má greina að sóknarfæri Flensborgarskólans eru fjölmörg. Þau eru lögð fram í umbótaáætlun skólans, sjá viðauka og hefur því verið gætt að kynna hana vel, samræma hana við aðrar áætlanir og úttektir á skólastarfinu. Í því felast næstu verkefni sjálfsmatsnefndar; að halda áfram markvissu mati á innra starfi skólans og fylgja umbótum eftir.

Erla Sigríður Ragnarsdóttir,
Aðstoðarskólameistari